

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 — 108 REYKJAVÍK
SÍMI 685620

Alþingi

Erindi nr. Þ 112 / 554


komudagur 5 / 3 19 90

Reykjavík, 1. mars 1990

Hr. Þórður Bogason,
Alþingi,
150 Reykjavík

Hjálagt sendist yður umbeðin álitssgerð laganefndar L.M.F.Í., sem stjórnin hefur fjallað um og samþykkt að senda í nafni félagsins.

f.h. stjórnar L.M.F.Í.


Unnur Gunnarsdóttir, framkvstj.

ENDURRIT

ÚR FUNDARGERÐARBÓK LAGANEFNDAR LMFÍ

Ár 1990, fimmtudaginn 22. febrúar var haldinn fundur í laganefnd LMFÍ. Mættir voru Ólafur Axelsson, Gunnar Guðmundsson og Skarphéðinn Þórisson. Þá sat fundinn framkvæmdastjóri félagsins Unnur Gunnarsdóttir.

Fyrir fundinum lá erindi Jóns Kristjánssonar, formanns allsherjarnefndar neðri deildar um að veita umsögn um frumvarp til laga um kyrrsetningu og lögbann.

Laganefndin hefur áður fjallað um frumvarp þetta, en þá eftir beiðni Markúsar Sigurbjörnssonar, prófessors og áður en það var lagt formlega fyrir Alþingi. Frumvarp þetta nú er sama efnis og til skoðunar kom af hálfu nefndarinnar.

Nefndin lýsir sig samþykka nefndu frumvarpi og telur þar vera á ferðinni mikla réttarbót og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Axelsson (sign) Skarphéðinn Þórisson (sign)

Gunnar Guðmundssona (sign)